

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. júlí 2009
Tilvísun: UST20090600109/ksj

Stækkun Grundartangahafnar. Hvalfjarðarsveit

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 23. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum stækkun Grundartangahafnar í Hvalfjarðarsveit skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Á næstu árum fyrirhuga Faxaflóahafnir að stækka núverandi höfn á Grundartanga til vesturs. Heildarlengd nýs hafnarbakka er áætluð um 750 m. Stækkunin yrði í beinu framhaldi af núverandi hafnarbakka sem er 500 m langur og yrði framkvæmdin innan þynningarsvæðis iðnaðarsvæðisins á Grundartanga og einnig innan iðnaðar- og athafnasvæðisins þar.

Áfangaskipting

Líkur eru á að höfnin verði byggð upp í 3 – 4 áföngum sem hver um sig yrði um 200 m að lengd. Fram kemur í greinargerð að gert sé ráð fyrir að uppbyggingin muni taka talsverðan tíma, og mun slíkt ráðast af eftirspurn eftir lóðum og uppbyggingu svæðisins í heild sinni.

Landfylling

Auk hafnargerðar felur framkvæmdin í sér alls um 10 ha landfyllingu. Landfyllingin yrði einnig áfangaskipt og mun efnispörf alls verða um 2.000.000 m³. Áætlun er um að nýta efni sem til fellur við gatnagerð og landmótun á athafnasvæðinu næst væntanlegri höfn í uppfyllinguna, ásamt því að fá uppfyllingarefni úr námum í sjó. Ef efni af framkvæmdasvæði og úr námum í sjó nægir ekki þá verður leitað til náma á landi sem eru með starfsleyfi eða eru að vinna að endurnýjun á slíkum leyfum.

Loftgæði

Umferð flutningaskipa um stærri og betri höfn mun hafa neikvæð áhrif á loftgæði. Þar sem áætlað hafnarsvæði er innan þynningarsvæðis stóriðjuvera á Grundartanga mun heildarlosun mengandi efna aukast lítið.

Lífriki


Botndýralíf í Hvalfirði var rannsakað á ofanverðum áttunda áratug síðustu aldar og sýndu greipsýni þá mikið líf og var fjöldi einstaklinga áætlaður á hvern fermetra milli 3 og 4 þúsund

og tegundir voru 36 – 40 á tveim sýnistökustöðum rétt við Grundartanga sbr. „*Botndýralíf í Hvalfirði, Líffræðistofnun Háskóla Íslands fjölrit nr. 14* „ eftir Kristínu Aðalsteinsdóttur og Arnþór Garðarsson. Ekki eru fyrirbyggjandi nýrri rannsóknir en gera má ráð fyrir að botn sé nú þegar afar raskaður og framkvæmdir þegar búnar að hafa mikil áhrif á lífríki sjávarbotnsins við Grundartanga. Fleiri atriði er tengjast höfnum geta haft neikvæð áhrif á sjávarbotn, þar má nefna kjölvatn sem getur borið með sér framandi lífverur, botnmálning sem inniheldur eitrefni sem fara úti sjó og einnig er aukin hætta á olíuslysum með aukinni skipaumferð. Að mati Umhverfisstofnunar er vöktun nauðsynleg til þess að hægt sé að fylgjast náið með mengun á hafnarsvæði.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að þar sem áætluð stækkun Grundartangahafnar muni koma í framhaldi af þegar gerðri höfn og er innan þynningarsvæðis stóriðjuvera á Grundartanga muni loftgæði svæðisins breytast tiltölulega lítið við stækkunina. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni hafa minna afgerandi áhrif á nærumhverfi sitt en ef um nýja framkvæmd á óróskuðu landssvæði væri að ræða. Umhverfisstofnun telur stækkun hafnar á Grundartanga ekki líklega til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllt



Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur



Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri